

## Skólaráðsfundur 15. maí 2019

Fundinn sátu: P. Sandra Magnúsdóttir, Lydía Ósk Jónasdóttir, Valborg Hjálmarsdóttir, Vildís Björk Bjarkadóttir, Sólveig Arna Ingólfssdóttir, Inga Rósa Sigurjónsdóttir, Þórður Ari Sigurðsson 10. bekk, Óskar G. Björnsson og Hallfríður Sverrisdóttir sem ritaði fundargerð.

Viðhald húss.

Til er fjármagn í endurnýjun nemendasalerna í A-álmu, en illa hefur gengið að fá iðnaðarmenn. Rætt um megna lykt í A-álmum sem gýs upp öðru hvoru. Einnig er raka- og saggalykt á nokkrum stöðum í skólahúsnæðinu. Brýn þörf er á að A-álman verði tekin í gegn sem fyrst og húsgögn endurnýjuð.

Skóladagatal.

Engar athugasemdir voru gerðar við skóladagatal 2019-2020.

Ályktun til fræðsluráðs.

Skólaráð samþykkti að ítreka ályktunina frá 13. febrúar:

*Skólaráð Árskóla gerir athugasemdir við að Sveitarfélagið hafi ekki gert ráðstafanir til að setja aftur niður þau leiktæki sem skólinn á og voru tekin niður vegna framkvæmda á skólalóð fyrir nokkrum árum.*

*Þau leiktæki sem nú eru á skólalóð, s.s. kastali og trambólín gagnast vel, en mikil þörf er á að fá fleiri og fjölbreyttari leiktæki á skólalóðina s.s. rólur, vegasalt, apastiga o.fl. sem henta sérstaklega fyrir yngstu börnin. Þau leiktæki sem skólinn á og hafa verið í geymslu í nokkur ár myndu leysa úr brýnni þörf ef þau væru sett niður á lóðina aftur.*

*Skólaráð ítrekar að gert verði ráð fyrir fjármagni til þess að setja leiktækin aftur niður á skólalóðinni sem fyrst.*

Önnur mál.

- Niðurstöður úr nemendakönnun Skólapúlsins ræddar lauslega.
- Rætt um mannabreytingar í skólanum á næsta skólaári. Nokkrar breytingar verða í kennarahópnum og gert er ráð fyrir einhverjum tilfærslum á fólki. Náms- og starfsráðgjafastöðu þarf að manna og vonast er til að það gangi upp.